

# Áhættustefna Festu lífeyrissjóðs

Útgáfa 5

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Skilgreining á áhættu .....	3
3. Leiðir til að stýra áhættu .....	3
4. Áhættuvilji og áhættuþol .....	4
5. Helstu áhættuþættir .....	6
6. Áhættustýringarstefna .....	8
7. Áhættumat .....	8
8. Brot á stefnu .....	9
9. Endurskoðun stefnu .....	9

## 1. Inngangur

Áhættustefna sjóðsins byggir á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða og reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar, með síðari breytingum. Við mótun áhættustefnu sjóðsins er jafnframt horft til ISO staðals 31000 um áhættustýringu. Sjóðurinn hlýtir einnig lögum nr. 25/2023 er lúta að upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Í áhættustefnu skal að lágmarki koma fram áhættuvilji stjórnar, áhættuþol sjóðsins og útlistun á hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra áhættu.

Stjórn tekur þátt í mótun og setur sjóðnum áhættustefnu. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs skal kynna áhættustefnu fyrir starfsfólki sjóðsins og ber ábyrgð á að stjórnun áhættuþátta sé í samræmi við áhættustefnuna. Forstöðumaður áhættueftirlits ber ábyrgð á áhættueftirliti hjá sjóðnum.

## 2. Skilgreining á áhættu

Áhætta sjóðsins er skilgreind sem hættan á atburði sem eykur marktækt líkur á því að réttindi sjóðfélaga skerðist til skemmri eða lengri tíma.

Meginmarkmið sjóðsins er að ávaxta iðgjöld og greiða lífeyri samkvæmt samþykktum. Áhætta er því öll þau atvik er geta haft áhrif á að lífeyrissjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, þ.e. að tryggingafræðileg staða verði neikvæð til skemmri eða lengri tíma, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997.

Skilgreining áhættu nær sér í lagi yfir hættuna á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði og fellur undir einn eða fleiri af þeim áhættuþáttum sem sjóðurinn skilgreinir og leiðir ekki til jafn mikillar eða meiri lækkunar skuldbindinga á sama tíma.

## 3. Leiðir til að stýra áhættu

Rétt er að hafa í huga að áhætta þarf ekki að vera slæm fyrir sjóðinn og að í sumum tilvikum er æskilegt að sjóðurinn taki áhættu í því skyni að auka ávöxtun og bæta tryggingafræðilega stöðu sína.

Viðbrögð sjóðsins við áhættu geta m.a. falist í því að:

- forðast áhættu,
- draga úr áhættu,
- yfirfæra áhættu eða
- taka áhættu meðvitað.

Við áhættustýringu og áhættueftirlit sjóðsins er stuðst við fyrirbyggjandi ráðstafanir og virka áhættustýringu.

Fyrirbyggjandi ráðstafanir ná m.a. yfir:

- Umfjöllun og greiningu á áhættuflokkum
- Þau viðmið og vikið sem sett eru í fjárfestingarstefnu sjóðsins

- Verkferla og verklagsreglur sem settar eru
- Sjálfvirkt eftirlit með hlýtingu sjóðsins við lög, fjárfestingarstefnu og fjárfestingaheimildir
- Sjálfvirkar tilkynningar um framkvæmd eftirlitsaðgerða starfsfólks
- Mánaðarlega skýrslu til stjórnar um ávöxtun, stöðu eignasafns og fjárhag sjóðsins
- Yfirdráttarheimild í banka til að takmarka lausafjánhættu

Virk áhættustýring nær yfir:

- Reglulegar mælingar og skýrslugjöf
- Aukalegar úttektir
- Vöktun á ákveðnum áhættuflokkum
- Sviðsmyndir
- Skipulega starfsendurhæfingu
- Sala og/eða kaup eigna vegna breytinga á markaðsaðstæðum
- Ákvörðun um notkun afleiða til að draga úr áhættu
- Ákvarðanir um viðbrögð við áhættu sem raungerist

Meta þarf í hverju tilviki fyrir sig umfang áhættustýringar fyrir hvern áhættuflokk.

Hvað varðar eignasafnið þá leitast sjóðurinn við að dreifa áhættu. Að öllu jöfnu gildir sú regla að því hærrí sem vænt ávöxtun eignaflokks er því meiri er áhættan. Með hjálp framfallsgreiningar leitast sjóðurinn við að finna þá eignasamsetningu þar sem hann nær ásættanlegri ávöxtun með m.t.t. áhættu. Framfallsgreining notar tölfræðilegar upplýsingar um eignaflokka sem samanstanda af væntri ávöxtun, flökti og samfylgni einstakra eignaflokka. Stjórn sjóðsins samþykkir síðan fjárfestingarstefnu sem setur fram viðmið og frávik tilgreindra þátta er varða eignasamsetningu.

Auk eignaflokka horfir sjóðurinn til viðmiða um hlutföll gjaldmiðla, landsvæða og atvinnugreinaskiptingar þegar kemur að samsetningu eignasafns.

Mótaðilaáhætta er takmörkuð með því að takmarka stöðutöku í fjármálagerningum einstakra aðila eða tengdra aðila. Jafnframt eru t.d. skilgreind viðmið um veðhlutfall veðskuldabréfa.

Verkferlar sjóðsins ná ekki yfir aðgerðir til mildunar áhættu eða viðbrögð við áhættu sem raungerist. Í þeim tilfellum þar sem þörf er á slíkum aðgerðum er stjórn kölluð saman til ákvörðunartöku.


Þegar kemur að rekstraráhættu þá hefur sjóðurinn sett sér innri starfsreglur með það að markmiði að lágmarka áhættu. Sem dæmi þá hefur sjóðurinn sett sér reglur er varða fjárfestingarheimildir starfsmanna eignastýringar auk þess sem aðgreining starfa kemur skýrt fram í verkferlalýsingum sem og áhættustýringarstefnu.

Annar mjög mikilvægur þáttur er áhætta vegna upplýsingatækni. Þar skiptir máli hvaða tæknilegar lausnir eru valdar og útfærsla þeirra og eftirlit. Til staðar eru öryggiskröfur, ráðstafanir, öryggisstefna, verklagsreglur, áhættumat, neyðaráætlun og verkefnalisti er lýsir framkvæmd verkefna á sviði upplýsingatækni.

## 4. Áhættuvilji og áhættuþol

Þegar horft er til áhættu þá eru tvö hugtök sem gagnlegt er að notast við og mynda saman ramma, sbr. skilgreiningu í reglugerð nr. 590/2017:

- Áhættuvilji (e. risk appetite) er sú áhætta sem stjórn sjóðsins er reiðubúin til að taka. Áhættuvilji stjórnar kemur fram í þeim viðmiðum og vikmörkum (efri og neðri) sem stjórn setur fram varðandi einstaka áhættuþætti.
- Áhættuþol (e. risk tolerance) er sú áhætta sem lífeyrissjóður þolir án þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerða.



## Áhættuvilji

Áhættuvilji stjórnar kemur fyrst og fremst fram í fjárfestingastefnu hans sem og öðrum stefnum og reglum. Helstu atriði sem endurspeгла áhættuvilja stjórnar, eru eftirfarandi:

- Viðmið um samsetningu eignasafna samtryggingardeildar og séreignadeilda endurspeгла þá markaðsáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka. Sjóðurinn beitir m.a. framfallsgreiningu við ákvörðun um eignasamsetningu.
- Viðmið fjárfestinga í fjármálagerningum, útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðu, sem hlutfall af hreinni eign, endurspeglar þá mótaðilaáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka.
- Hámarkshlutdeild í útgefnum hlutabréfum einstakra félaga, eða útgefnum hlutdeildarskírteinum einstakra sérhæfðra sjóða, endurspeglar þá mótaðilaáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka gagnvart einstökum útgefendum.
- Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði eða deild þeirra endurspeglar þá mótaðilaáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka gagnvart einstökum útgefendum.
- Viðmið um veðhlutföll í útlánnum til einstaklinga og fyrirtækja endurspeglar þá mótaðilaáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka í fasteignaveðlánnum.
- Viðmið um meðallíftíma skuldabréfa endurspeglar þá vaxta- og endurfjárfestingaráhættu og ósamræmisáhættu gagnvart skuldbindingum sem sjóðurinn er tilbúinn að taka.

- Viðmið um gjaldmiðlasamsetningu eigna sjóðsins endurspeglar þá gengisáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka.
- Viðmið um atvinnugreinaskiptingu eignasafns sjóðsins endurspeglar þá samþjöppunaráhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka.
- Viðmið um lágmarkshlutfall, summu erlendra eigna og verðtryggðra eigna, endurspeglar þá verðbólguáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka.
- Viðmið um hámarkshlutfall uppgreiðanlegra skuldabréfa af heildarsafni skuldabréfa endurspeglar þá uppgreiðsluáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka.
- Viðmið um hámarkshlutfall afleiðusamninga af heildareignum sjóðsins endurspeglar þá áhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka vegna notkunar afleiða.
- Viðmið um hlutfall lausafjár endurspeglar þá lausafjárahættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka.
- Viðmið um hlutfall óskráðra eigna endurspeglar áhættuvilja stjórnar gagnvart seljanleikaáhættu.
- Fjárfestingaheimildir starfsmanna eignastýringar endurspeglar þá rekstraráhættu tengda framkvæmd fjárfestinga sem sjóðurinn er tilbúinn að taka.

### Vikmörk áhættuvilja

Vikmörk áhættuvilja koma fyrst og fremst fram í fjárfestingarstefnu. Helstu vikmörkin eru eftirfarandi :

- Efri vikmörk eignaflokka ákvarða áhættuþol gagnvart vægi viðkomandi eignaflokks.
- Efri vikmörk fjárfestinga í fjármálagerningum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðu sem hlutfall af hreinni eign.
- Neðri vikmörk í viðmiði um meðallíftíma skuldabréfa.
- Vikmörk um hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðli.
- Vikmörk um hámarkshlutfall óskráðra eigna.
- Vikmörk um atvinnugreinaskiptingu eignasafns sjóðsins.

### Áhættuþol

Eftirfarandi atriði endurspeglar áhættuþol sjóðsins:

- Vikmörk laga um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins marka ákveðinn ramma sem stjórn sjóðsins er skylt að hafa í huga við eigna- og áhættustýringu (sjá 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997).
- Vikmörk er varðar verðbreytingaráhættu hafa verið skilgreind (verðbreytingaráhætta, VaR, er hér skilgreind sem lægsta líklega nafnávöxtun miðað við 99% öryggismörk). VaR stefnu endurspeglar á hverjum tíma áhættuvilja stjórnar sjóðsins hvað markaðsáhættu heildarsafnsins varðar ( $VaR_{stefna}$ ). Áhættuþol stjórnar endurspeglast í hversu mikið lægra VaR safns ( $VaR_{safn}$ ) má vera en  $VaR_{stefna}$  ; þ.e.  $VaR_{stefna} - VaR_{safn} < vikmörk$ . Þessi vikmörk, sem mæld eru reglulega, endurspeglar hversu mikið eignasafnið í heild sinni má víkja frá settri fjárfestingarstefnu.

## 5. Helstu áhættuþættir

### Lífeyristryggingaráhætta

Lífeyristryggingaráhætta er áhætta innan samtryggingardeildar á að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga vegna þess að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma m.a. vegna breytinga á iðgjöldum, tryggingafræðilegri uppgjörskröfu (skerðingaráhætta), lýðfræðilegum þáttum svo sem lífslíkum og fjölda

öryrkja og örorkulíkum hjá sjóðnum auk umhverfis- og réttindaflutningsáhættu. Áhættustig lífeyristryggingaráhættu er m.a. metið með tryggingafræðilegri stöðu, lífeyrisbyrði og meðalaldri sjóðfélaga. Álagspróf og sviðsmyndagreining hjálpa til við að meta þennan áhættuþátt.

### Lausafjánhættu

Hættan á að sjóðurinn hafi ekki yfir nægu handbæru fé að ráða til að standa undir greiðsluskuldbindingum sínum eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði til að mæta þeim.

Þá getur sjóðurinn orðið fyrir óvæntu útstreymi sem einnig getur haft áhrif. Áhættustig lausafjánhættu er m.a. metið með greiningu á framtíðargreiðsluflæði og seljanleika eigna.

### Mótaðilaáhættu

Mótaðilaáhættu er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi sökum þess að mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingar sínar. Áhættustig mótaðilaáhættu er m.a. metið með lánshæfismati skuldabréfa, væntu tapi, vanskilagreiningu og samþjöppun mótaðila.

### Fjárhagsleg áhættu

Hættu á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á markaðsvirði eigna sjóðsins, þar á meðal breytinga á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði hlutabréfa. Mælikvarði á markaðsáhættu er mánaðarlegt flökt á markaðsvirði eigna, þ.m.t. vegna breytinga á gengi gjaldmiðla, vöxtum, verðbólgu, verði hluta- og skuldabréfa og hlutdeildarskírteina í sjóðum, auk ósamræmisáhættu og áhættu vegna eigna og skuldbindinga utan efnahags.

### Rekstraráhættu

Hættan á fjárhagslegu tapi og/eða áhrif á orðspor sjóðsins vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu, verkferla, háttsemi starfsmanna eða svika. Áhættustig rekstraráhættu er metið út frá áhrifum og líkum hvers áhættuþáttar.

### Sjálfbærniáhættu

Hættan á að atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttu sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar. Sjóðurinn leggur áherslu á áhættu tengda loftslagsbreytingum. Henni er skipt í tvo meginflokka fyrir aðila á fjármálamarkaði:

- Umbreytingaráhættu (e. transition risk) kemur til vegna aðgerða til þess að stemma sigum við loftslagsbreytingar. Slík áhættu vísar til fjárhagslegs taps, með beinum eða óbeinum hætti, sem rekja má til verðlækkana, hækkandi orkukostnaðar eða innleiðingar á reglugerðum tengdum sjálfbærni- og loftslagsmálum.
- Raunlæg áhættu (e. physical risk) er sú áhættu sem starfar annars vegar af náttúruhamförum á borð við jarðskjálfta og eldgos með beinum hætti og hins vegar náttúruhamförum sem teljast vera afleiðing loftslagsbreytinga eins og skógarelda, flóð og aðrar atburði sem tengja má við áhrif loftslagsbreytinga.

Sjóðurinn hefur mótað sér stefnur um hvernig áhættu tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanatökferlið.

## 6. Áhættustýringarstefna

Sjóðurinn hefur jafnframt sett sér áhættustýringarstefnu sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 590/2017. Áhættustýringarstefnan lýsir helstu áhættuþáttum sem felast í rekstri sjóðsins og þeim aðferðum sem sjóðurinn styðst við til að fylgjast með, meta og bregðast við áhættunni. Áhættustýringarstefnan inniheldur jafnframt skilgreiningu á hlutverkum og ábyrgð starfssviðs áhættueftirlits, stjórnar, framkvæmdastjórnar og annarra aðila er koma að framkvæmd stefnunnar auk lýsingar á því hvernig tryggt er að starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi eftirlitskerfis og hvernig viðeigandi áhættumenning er innleidd meðal starfsmanna sjóðsins.

Áhættustýringarstefna Festu inniheldur m.a.:

- Lýsingu á helstu áhættuþáttum sem felast í rekstri lífeyrissjóðsins, aðferðafræði sem lífeyrissjóðurinn styðst við til að meta hana og hvenær áætlað er að endurskoða áhættustýringarstefnuna.
- Hlutverk og ábyrgð starfssviðs áhættustýringar, þ.m.t. ábyrgðaraðila áhættueftirlits.
- Hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra með hliðsjón af áhættustýringu.
- Upplýsingar um þá aðila sem sinna stjórnun einstakra áhættuþátta eftir því sem við á og hlutverk þeirra.
- Hvernig lífeyrissjóðurinn tryggir að allir starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi eftirlitskerfis og hvernig lífeyrissjóðurinn áætla að innleiða viðeigandi áhættumenningu meðal starfsmanna sjóðsins.

## 7. Áhættumat

Sjóðurinn framkvæmir eftirfarandi áhættumöt árlega, á tveggja ára fresti eða eftir þörfum í hverju tilviki.

### 7.1. Eigið áhættumat

Eigið áhættumat skal framkvæmt a.m.k. árlega í samræmi við kafla III í reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Þróa skal verkferla og verklag við áhættumatið og skilgreina hlutverk þeirra sem koma að matinu. Áhættumatið skal kynnt stjórn og viðeigandi starfsmönnum sjóðsins ásamt þeim ályktunum sem draga má af ferlinu. Eigið áhættumat, framkvæmd og verklag, skal vera skjalfest. Stjórn sjóðsins skal rýna ferlið og endurskoða forsendur og niðurstöður. Slík rýni skal skjalfest sem hluti af áhættumatinu.

### 7.2. Áhættumat vegna reksturs upplýsingakerfa

Áhættumat vegna reksturs upplýsingakerfa skal framkvæmt a.m.k. árlega, en oftast komi til breytingar sem áhrif hafa á upplýsingaöryggi, í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Matið skal unnið til að tryggja að áhættan sé innan viðmiða sem stjórn setur fram. Framkvæmd og niðurstaða áhættumats skal vera skjalfest, ásamt i) tillögum til úrbóta þar sem þörf er á og ii) eftirfylgni vegna úrbóta.

### 7.3. Áhættumat vegna peningþvættis og fjármögnunar hryðjuverka

Áhættumat skal framkvæmt í samræmi við 5. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka a.m.k. á tveggja ára fresti. Matið skal innihalda skriflega greiningu og mat á hættu á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og m.a. taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, vörum, þjónustu, viðskiptum, tækni og



dreifileiðum. Við gerð áhættumats ber sjóðnum að hafa áhættumat ríkislögreglustjóra skv. 4. gr. sömu laga til hliðsjónar og taka mið af stærð, eðli, umfangi og margbreytileika starfseminnar. Sjóðurinn skal nota áhættumatið við áhættumiðað eftirlit með samnings samböndum og viðskiptum.

#### 7.4. Sérstakt áhættumat vegna breytinga á starfsemi

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 590/2017, ber sjóðnum að framkvæma sérstakt áhættumat að undangengnum eða í kjölfar markverðra breytinga á starfsemi sjóðsins sem hafa áhrif á áhættusnið hans. Þarna geta fallið undir t.d. nýir þjónustuaðilar, nýir þjónustupættir eða breytt verklag.

## 8. Brot á stefnu

Forstöðumaður áhættueftirlits fylgist daglega með fylgni lífeyrissjóðsins við fjárfestingarheimildir laga, fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir. Öll brot á áhættustefnu, þar með talið frávik frá vikmörkum í fjárfestingarstefnu og fjárfestingaheimildum, skal tilkynna tafarlaust til framkvæmdastjóra og eignastýringar. Framkvæmdastjóri ákveður í samráði við forstöðumann áhættueftirlits hvort tilefni er til að upplýsa endurskoðunarnefnd og/eða stjórn um viðkomandi tilvik. Framkvæmdastjóri skal reyna eftir fremsta megni og án tafar að bregðast við og gera ráðstafanir til að lágmarka skaða ef við á.

Tilkynna skal fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (FME) án tafar fari fjárfesting sjóðsins fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum nr. 129/1997. Lögmæltu hámarki skal náð í síðasta lagi innan þriggja mánaða sbr. 37. gr. laga nr. 129/1997.

Ennfremur skal sjóðurinn tilkynna FME hið fyrsta ef:

- a) Upp koma tilvik um alvarleg frávik eða brot á skilgreindum mörkum áhættu.
- b) Upp koma tilvik þar sem eftirlitskerfið tekur ekki með fullnægjandi hætti á skilgreindri áhættu sem lífeyrissjóðurinn telur geta haft áhrif á rekstur sjóðsins.
- c) Upp koma frávik í rekstri upplýsingakerfa sem hafa áhrif á rekstur sjóðsins.

Auk upplýsinga um frávik skal tilkynningin einnig innihalda upplýsingar um viðbrögð lífeyrissjóðsins við tilgreindum frávikum.

## 9. Endurskoðun stefnu

Áhættustefna skal endurskoðuð að lágmarki árlega og þegar markverðar breytingar verða á áhættusniði lífeyrissjóðsins.

**Samþykkt á stjórnarfundi Festu lífeyrissjóðs 25. september 2024**

# Undirritunarsíða

Sigurður Ólafsson

Þór Hreinsson

Kristín Magnúsdóttir

Eyrún Jana Sigurðardóttir

Silja Eyrún Steingrímsdóttir

Halldór Kristinsson